# EPOXÝLAKK

**EPOXÝLAKK** er tvíþátta, epoxýbundið lakk, sem er í flokki þeirra lakktegunda sem talin eru hafa mestan slitstyrk, vatns- og efnaþol.

**EPOXÝLAKK** því ákjósanlegt á gólf, veggi, vélar og ýmis áhöld í frystihúsum, fiskvinnslustöðvum, vélaverkstæðum, verksmiðjum og annars staðar, þar sem mikils álags er að vænta.

> EPOXÝLAKK hefur frábæra viðloðun við flest öll byggingar-efni, svo sem stein, tré og járn

**Litir:**
**EPOXÝLAKK** er framleitt í um 4 STAÐAL-LITUM og auk þess glært.

**Áferð:**
Hágljáandi.

**Herðir:**
EPOXÝHERÐIR 15, sem blanda skal vel saman við lakkið rétt fyrir notkun í rúm-málshlutföllunum 1 hluti EPOXÝHERÐIR 15, á móti 3 hlutum af **EPOXÝLAKKI.**

**Málun:**
Með pensli, rúllu eða sprautu. Einnig með háþrýstisprautu.

**Varúðarflokkur:**
4 - 5.

**Þynnir og hreinsun áhalda:**
Með EPOXÝÞYNNI strax að verki loknu.

**Notatími:**
Blanda herðis og lakks verður ónothæf eftir 5-8 klst. við stofuhita, en á nokkrum dögum við lágt hitastig (um 0°C).

**Þurrktími:**
Um 2-3 klst. við 20°C.

**Endanlegir eiginleikar:**
Epoxýlakk nær endanlegum eiginleikum á um 5-7 dögum við 20°C, en á um 30 mín. við 100°C.

**Yfirmálun:**
Eftir 4-8 klst. við 20°C. Ef meira en fáeinir dagar líða á milli umferða, skal mattslípa flötinn og þynna **EPOXÝLAKK** verulega með EPOXÝÞYNNI í næstu umferð.

**Þykkt (flæðiseigja):**
Án herðis um 70 KU (25°C). Með herði um 70 KU (25°C).

**Gljái:**
Um 90 (60°).

**Eðlismassi:**
Án herðis um 1,20 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit (um 1,05 g/ml fyrir glært). Með herði um 1,13 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit (um 1,00 g/ml fyrir glært).




**Þurrefni:**
Án herðis um 65% af massa eða um 45-50% af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir lit (um 55% af massa eða um 50% af rúmmáli (reiknað) fyrir glært). Með herði um 65% af massa eða um 50% af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir lit (um 55% af massa eða um 50% af rúmmáli (reiknað) fyrir glært)

**Efnisnotkun:**
Með herði um 0,09-0,14 l/m² í umferð, breytilegt eftir aðstæðum og málunarað-ferð; samsvarar um 40-70 μm þurr-filmuþykkt.

**Lágmarks vinnsluhitastig:**
Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins meðan á málun stendur. EPOXÝLAKK harðnar EKKI við hitastig undir 10°C.

**VOC-efni:**
Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru við-miðunarmörk VOC efna fyrir þessa vöru fl. A/j 500g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 440 g/l.

*Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.*